

**Reglur**  
**Sveitarfélagsins Tálknafjarðarhrepps um skólamáltíðir**

**1. gr.**

Skólamáltíðir standa öllum nemendum, sem stunda nám í 1. – 10. bekk í Grunnskóla Tálknafjarðar og nemendum á Leikskólanum Vindheimum, til boða í samræmi við ákvæði reglna þessara. Með skólamáltíð er átt við heitan hádegisverð.

**2. gr.**

Pöntun skólamáltíðar skal gerð með skriflegum hætti á þar til gerðum eyðiblöðum. Uppsögn þarf einnig að vera skrifleg og þarf að berast tveim vikum fyrir þann mánuð sem uppsögn á að gilda.

**3. gr.**

Pöntun á skólamáltíð skal gerð af foreldrum / forráðamönnum nemenda í skólabyrjun hvert haust og skal vera lokið eigi síðar en viku eftir upphaf skóla að hausti. Hafi foreldrar / forráðamenn ekki pantað skólamáltíð í byrjun skólaárs er heimilt að panta með viku fyrirvara m.v. næstu mánaðarmót.

**4. gr.**

Uppgjör skólamáltíða fer fram mánaðarlega fyrirfram og fá foreldrar / forráðamenn heimsendan gíróseðil frá verktaka.

**5. gr.**

Hafi greiðsla fyrir skólamáltíð ekki borist á eindaga sendir verktaki aðvörun. Hafi vanskil staðið í einn mánuði frá eindaga að telja fer krafan til sveitarfélagsins, sem sér um innheimtu kröfunnar og missir þá nemandi rétt sinn til skólamáltíða.

**6. gr.**

Séu gjöld í vanskilum í upphafi annar fellur pöntun sjálfkrafa úr gildi og nemandi á ekki rétt á skólamáltíð fyrr en krafan hefur verið greidd að fullu.